

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2022

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um réttlát græn umskipti, 90. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að Alþingi feli ríkisstjórninni að gera tímasetta og fjármagnaða aðgerðaáætlun til að tryggja réttlát græn umskipti og leggja fyrir Alþingi eigi síðar en hinn 1. apríl 2024. Markmið aðgerðaáætlunarinnar, sem lagt er til að verði m.a. unnin í samráði við verkalýðsfélög, á að vera að koma í veg fyrir það ójafnrétti sem hlotist getur að loftslagsvá og tryggja að græn umskipti yti undir jöfnuð í samfélaginu ásamt því að fjárlög og fjármálaáætlanir endurspegli vilja Íslands til að standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi í loftslagsmálum.

Baráttan gegn hamfarahlýnun er brýnasta umhverfis-, samfélags- og efnahagsmál samtímans. Af þeim sökum hafa samtök launafólks í Norræna verkalýðssambandinu og Þýska alþýðusambandinu sameinað krafta sína og lagt fram tillögur um réttlát umskipti til kolefnislaus samfélags. Um er að ræða fjórtán samtök launafólks í sex ríkjum þar sem ASÍ, BSRB og BHM áttu sæti. Gefnar voru út skýrslur í hverju landi fyrir sig og var skýrslan fyrir Ísland gefin út í mars mánuði árið 2021 og ber heitið „Réttlát umskipti. Leiðin að kolefnislausu samfélagi. Skýrslan fyrir Ísland er meðfylgjandi umsögninni og þar má finna þær átta tillögur sem samtökin sameinuðust um.

Í skýrslunni er greint frá loftslagsmarkmiðum Íslands og þeim áhrifum sem aðgerðir til að draga úr losun hafa á ólíka samfélagshópa. Reifuð eru stjórnþæki yfirvalda og skortur á stefnu stjórnvalda um réttlát umskipti. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur til þess að Ísland geti uppfyllt skuldbindingar sínar vegna Parísarsamningsins og stuðlað að réttlátum grænum umskiptum.

Réttlát umskipti er þýðing á hugtakinu Just Transition sem var fyrst notað af bandarísku verkalýðshreyfingunni á tíunda áratug síðustu aldar. Þá var verið að krefjast stuðningskerfis fyrir verkamenn sem misstu vinnuna vegna strangar umhverfisverndarlöggjafar. Alþjóðaverkalýðshreyfingin, ITUC, gerði síðan hugtakið að sínu og nú er merking þess sú að það þurfi að hámarka áhrif loftslagsaðgerða til að ná kolefnishlutleysi en lágmarka á sama tíma byrðar sem lagðar eru á launafólk og almenning. Áhersla er lögð á sköpun góðra og grænna starfa sem eru launuð með sanngjörnum hætti, veita starfsfólki vinnumarkaðstengd réttindi og rétt til að hafa áhrif á starfsaðstæður sínar. Þess vegna leggur verkalýðshreyfingin áherslu á



samstarf við atvinnurekendur og stjórnvöld til að meta áhrif nauðsynlegra loftslagsaðgerða á vinnumarkað og skattbyrði launafólks til að hægt sé að bregðast við með nauðsynlegum mótvægisáðgerðum.

Sameinuðu Þjóðirnar tóku hugtakið upp á sína arma árið 2015 með útgáfu Alþjóðavinnuáætlunarinnar, ILO, á leiðarvísi fyrir réttlát umskipti „Guidelines for a just transition towards environmentally sustainable economies and societies for all“. Þetta var í aðdraganda undirritunar Parísarsamningsins síðar sama ár og réttlát umskipti eru einmitt, eins og fram kemur í tillögunni, eitt af markmiðum samningsins. Enn sem komið er hafa íslensk stjórnvöld ekki lagt áherslu á þennan þátt Parísarsamningsins.

Aðgangur verkalyðshreyfingarinnar að ákvörðunum er varða loftslagsstefnu Íslands, varðandi aðgerði gegn loftslagbreytingum og til aðlögunar að þeim breytingum sem óhjákvæmilega verða, er mjög takmarkaður en í ljósi mikilvægi loftslagsmála og réttláttra umskipta er nauðsynlegt að koma á virku samstarfi til að tryggja árangursríkar kerfisbreytingar.

BSRB styður efni þingsályktunartillögunnar heilshugar en leggur til þá breytingu að aðgerðaáætlunin verði gerð í samráði við heildarsamtök launafólks en ekki einstök verkalyðsfélög.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Hrannar M. Gunnarsson', is centered on the page.

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur



RÉTTLÁT UMSKIPTI

Leiðin að kolefnislausu samfélagi

Samstarf samtaka launafólks á Norðurlöndunum
og í Þýskalandi um réttlát umskipti

Landsskýrsla: Ísland

Mars 2021





Útgáfan er hluti af samstarfsverkefninu „**Leiðin að kolefnislausu samfélagi. Samstarf samtaka launafólks á Norðurlöndunum og í Þýskalandi um réttlát umskipti**“. Um er að ræða samstarfsverkefni Norræna verkalýðssambandsins (NFS), Friedrich-Ebert Stiftung (FES) og þýska alþýðusambandsins (DGB). Þrettán heildarsamtök launafólks taka þátt gegnum Norræna verkalýðssambandið (NFS) frá fimm norrænum ríkjum: Danmörk (FH, AC), Finnland (SAK, STTK), Ísland (ASÍ, BSRB, BHM), Noregur (LO-N, Unio, YS) og Svíþjóð (LO-S, TCO, Saco).

Réttlát umskipti í átt að kolefnishlutalausri framtíð er brýnasta umhverfis-, samfélags- og efnahagsmál samtímans. Markmiðið með verkefninu er að móta áætlun og kröfur verkalýðshreyfingarinnar er varða umskiptaferlið í kolefnislaust samfélag. Samtök launafólks sem taka þátt í verkefninu eru einhuga um nauðsyn þess að draga úr samfélagskostnaðinum sem verður til í þessu umskiptaferli. Samræma þarf aðgerðir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum með það að markmiði að tryggja mannsæmandi störf og lífskjör. Með þetta markmið að leiðarljósi hafa þátttökusamtökin greint stöðu orkuskipta í hverju landi fyrir sig, auk þess að setja fram sameiginlegar tillögur fyrir ríkin og evrópskt samstarf. Umræðan sem farið hefur fram samfara verkefninu hefur orðið til að styrkja samstarf og samtal milli norrænu og þýsku verkalýðshreyfingarinnar um sameiginlegar áskoranir og lausnir.

Alls voru unnar sex skýrslur um stöðu réttlátra umskipta í þátttökulöndunum (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Þýskaland). Í hverri landsskýrslu er gerð grein fyrir stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum, efnahagslegum og félagslegum áhrifum aðgerða og lagt mat á þau stjórnntæki sem yfirvöld hafa til umráða, auk þess sem niðurstöðurnar eru settar í evrópskt samhengi. Helstu niðurstöður úr landskýrslunum sex eru svo teknar saman. Í samantektinni eru lagðar fram sameiginlegar tillögur sem eiga að styðja við umskipti í kolefnishlutlaust samfélag og hagkerfi sem er réttlátt og sjálfbært. Skýrslurnar og niðurstöður þeirra verða kynntar og lagðar til umræðu á viðburðum í hverju landi fyrir sig, á norrænum og evrópskum samstarfsvettvangi og á alþjóðavettvangi.

Eftirfarandi er íslenska landsskýrslan sem unnin var í samvinnu þriggja heildarsamtaka launafólks á Íslandi; Alþýðusambands Íslands (ASÍ), BSRB og Bandalags háskólamanna (BHM).

Skýrsluhöfundar

Sigríður Ingibjörg Ingaóttir (BSRB)

Henný Hinz (ASÍ)

Þórunn Sveinbjarnardóttir (BHM)

Þýðing

Saga Kjartansdóttir

SAMANTEKT

- ASÍ, BSRB og BHM styðja markmið stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda en leggja áherslu á að leiðin til kolefnishlutleysis verði að vera á forsendum réttláttra umskipta.
- Með réttlátum umskiptum búum við til trausta ferla og tryggjum sanngjarna skiptingu kostnaðar og ábata á leið okkar að kolefnishlutlausu hagkerfi.
- Í ljósi mikilvægis loftslagsmála og réttláttra umskipta leggja ASÍ, BSRB og BHM til að sérstökum vinnuhópi verði komið á fót með það hlutverk að leggja grunninn að stefnu um réttlát umskipti á Íslandi. Tryggja þarf árangursríkar kerfisbreytingar, samfélagslega einingu og velmegun í þríhliða samtali og samstarfi.
- Losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa á Íslandi var hátt í tvöfalt meiri en ESB-meðaltalið árið 2017 eða 14,1 tonn miðað við 8,5 tonn.
- Mesta losunin í íslenska hagkerfinu kemur frá flugrekstri og flutningum á sjó, málmframleiðslu, landbúnaði, sjávarútvegi og vegasamgöngum.
- Næstum 90 prósent allrar losunar í íslenska hagkerfinu árið 2017 var í atvinnugreinum sem sköpuðu 25 prósent af heildarframleiðsluvirði og 20 prósent allra starfa.
- Útflutningur var 46 prósent af vergri landsframleiðslu Íslands á árinu 2017 og var mestmegnis úr kolefnisfrekum greinum á borð við málmframleiðslu, fiskveiðar og flugrekstur.
- Í endurskoðaðri aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum eru 48 aðgerðir sem duga þó ekki til að uppfylla markmið stjórnvalda um 40 prósent samdrátt fyrir lok ársins 2030 miðað við árið 2005.
- Í desember 2020 boðaði ríkisstjórnin metnaðarfullra markmið um 55% samdrátt til 2030. Útfærsla markmiðsins og aðgerðir sem styðja við það markmið liggja ekki fyrir.
- Mikið vantar upp á trúverðugleika áætlana um samdrátt í losun í landbúnaði og fiskveiðum og alþjóðlegar skuldbindingar um samdrátt í flug- og sjóflutningum eru enn ekki til staðar.
- Veigamestu aðgerðir íslenskra stjórnvalda hingað til snúa að losun frá vegasamgöngum. Þær fela í sér skattlagningu jarðefnaeldsneytis og bensín- og díselbíla en ívilnanir eru veittar fyrir vistvænni farartæki og rafhleðslustöðvar. Skattlagning af þessu tagi er hlutfallslega mest íþyngjandi fyrir lágtekjuhópa og að sama skapi gagnast ívilnanirnar helst fólki í efri tekjuhópum.
- Umskiptin til kolefnishlutleysis, tækniþróun og sjálfvirknivæðing, ásamt hækkandi aldri þjóðarinnar, munu móta íslenskan vinnumarkað og áhrifanna er þegar farið að gæta. Þörf er á heildstæðri stefnu um fjárfestingar í aðlögun og nýrri tækni, menntun og færniþörf, vinnumarkaðsaðgerðir til að tryggja góð störf og framfærsluþryggingu.

EFNISYFIRLIT

Samantekt	4
Inngangsorð	7
Loftslagsmál á Íslandi	8
Lofslagsmarkmið	8
Íslenskt hagkerfi	10
Losun, framleiðsluvirði og atvinna	10
Útflutningur	11
Áhrif loftslagsbreytinga á framleiðsluvirði og atvinnu í ólíkum greinum hagkerfisins	12
Íslenskt samfélag	13
Covid-19	14
Stjórnþæki hins opinbera	15
Stefna um aðgerðir til að draga úr losun á beina ábyrgð Íslands (ESR)	15
Stefna um losun undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins (ETS)	16
CarbFix	16
Stefna um losun vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF)	17
Stjórnþæki á Evrópuvettvangi	18
Réttlát umskipti	19
Tillögur	20
Heimildaskrá	23
Að verkefninu standa	24
Útdráttur úr landsskýrslu	25



U R67

R J B09

Z A G00

A P N86

INNGANGSORÐ

Losun á hvern íbúa á Íslandi er næstum tvöfalt meiri en meðaltal ESB-ríkja. Þær atvinnugreinar í íslensku hagkerfi sem losa mest eru flutningar með flugi og á sjó, málmframleiðsla, landbúnaður og fiskveiðar auk vegasamgangna. Næstum 90 prósent allrar losunar árið 2017 var í atvinnugreinum sem sköpuðu 25 prósent af heildarframleiðsluvirði og 20 prósent allra starfa. Útflutningur var 46 prósent af vergri landsframleiðslu (VLF) Íslands á árinu 2017 og var mestmegnis úr kolefnisfrekum greinum á borð við málmframleiðslu, fiskveiðar og ferðaþjónustu.

Í endurskoðaðri aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum er lagt fram skýrt og heildstætt yfirlit yfir markmið og áherslur stjórnvalda er snúa að losun gróðurhúsalofttegunda. Aðgerðirnar sem lagðar eru til nægja þó ekki til að uppfylla markmið stjórnvalda um 40 prósent samdrátt fyrir lok ársins 2030 miðað við árið 2005. Í desember 2020 tilkynnti íslenska ríkisstjórnin nýtt og metnaðarfullt markmið um 55% samdrátt fyrir sama tímabil innan samstarfsins við ESB og Noreg. Útfærsla og aðgerðir sem styðja við það markmið liggja þó ekki fyrir.

Veigamestu tillögurnar að aðgerðum íslenskra stjórnvalda um samdrátt í losun snúa að vegasamgöngum. Kolefnisskattur og aðrir skattar er lagðir á jarðefnaeldsneyti og bifreiðar miðað við losun og ívilnanir veittar fyrir vistvænni farartæki og hleðslustöðvar. Skattlagning af þessu tagi er hlutfallslega mest íþyngjandi fyrir lágtekjuhópa og að sama skapi gagnast ívilnanirnar helst fólki í efri tekjuhópum. Skortur er á heildstæðri stefnu um samdrátt losunar í landbúnaði og fiskveiðum. Jafnframt ná engin alþjóðleg losunarmarkmið enn sem komið er til flutninga í lofti og á sjó.

Loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á flestar helstu atvinnugreinar á Íslandi en ekki er að fullu ljóst hverjar afleiðingarnar verða. Þörf er á heildstæðri stefnu fyrir Ísland um leiðina að kolefnishlutlausu hagkerfi. Stefnan þarf að innihalda áætlun um fjárfestingar í aðlögun og nýrri tækni, mennta- og fræðsluáætlun og vinnumarkaðsaðgerðir til að tryggja mannsæmandi störf og afkomu.

Í ljósi þess hversu brýnn loftslagsvandinn er og mikilvægis réttláttra umskipta, leggja ASÍ, BSRB og BHM til að sérstökum vinnuhópi sé komið á fót innan Þjóðhagsráðs með það hlutverk að leggja grunninn að stefnu um réttlát umskipti á Íslandi.

Tafla 1: Yfirlit

	Ísland	ESB-28/OECD
Fólksfjöldi 2019 (ESB-28 og Noregur + Ísland)	360.000	519.160.000
Landsframleiðsla á hvern íbúa, 2019	38.840 €	28.630 €
Losun í CO ₂ -ígildum á mann (án LULUCF), 2017	14,1 t	8,5 t
Losun í CO ₂ -ígildum (án LULUCF), 2017	5 mt	4.323 mt
Breyting á losun (án LULUCF) frá 1990 til 2017	32%	-23%
Nettó losun/binding í CO ₂ -ígildum frá LULUCF, 2017	9 mt	-258 mt
Hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun, 2018	72%	18%
Fjöldi starfandi á vinnumarkaði (á aldrinum 20-64 ára), 2019	186.000	238.515.000
Hlutfall sem starfar samkvæmt kjarasamningi, 2016	92%	32%
Stéttarfélagasáðild, 2018	92%	Á ekki við

(Heimild: Eurostat 2019a, Eurostat 2019b, UNFCCC 2017, Eurostat 2018, Eurostat 2019c, OECD 2016)

LOFTSLAGSMÁL Á ÍSLANDI

Hitastig jarðar hefur hækkað um 1,1°C af völdum loftslagsbreytinga eða að meðaltali um 0,07°C á hverjum áratugi frá upphafi iðnbyltingarinnar. Á Íslandi hefur hlýnunin verið aðeins meiri eða 0,08°C á hverjum áratugi og er meiri á veturna heldur en á sumrin. Meðal afleiðinga af hlýnun jarðar er bráðnun jökla, aurskriður, úrkomuákefð og aðrar öfgar í veðurfari, súrnun sjávar og hækkuð sjávarstaða. Áhrifin eru að mestu neikvæð fyrir lífríkið og vistkerfið, með ákveðnum undantekningum, og veðurfarsbreytingar munu kalla á gríðarmikla aðlögun íslenskra innviða (Halldór Björnsson o.fl., 2018).

LOFTSLAGSMARKMIÐ


Ísland er í samstarfi við Evrópusambandið og Noreg um markmið um samdrátt í losun innan ramma Parísarsamningsins. Saman hafa ríkin skuldbundið sig til að ná fram 40 prósentu samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir lok ársins 2030 miðað við árið 2005, 43 prósentu samdrætti í losun sem fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS) og 30 prósentu samdrætti í losun sem fellur undir beinar skuldbindingar ríkja (ESR). Samið var um 29 prósentu samdrátt í losun fyrir Ísland (ESR) fyrir lok ársins 2030. Ísland hefur sett sér markmið um enn meiri samdrátt í losun, eða að minnsta kosti 40 prósentu samdrátt fyrir lok ársins 2030 miðað við árið 2005, og að landið verði kolefnishlutlaust árið 2040. Í desember 2020 tilkynnti forsætisráðherra að Ísland stefni að 55 prósentu samdrætti í losun fyrir 2030 í samfloti með Evrópusambandinu og Noregi. Útfærsla á aðgerðum til að ná endurskoðuðu markmiði liggur enn ekki fyrir.

Mynd 1 sýnir þróun losunar undir ESR og ETS á Íslandi á tímabilinu 2005 til 2018. Losun var mest árið 2008 í kjölfar opunar á stærsta álveri landsins árið 2007, auk almennrar efnahagsuppsveiflu. Í fjármálakreppunni 2009-2011 dró snögglega úr losun en frá árinu 2012 hefur losun aukist jafnt og þétt á nánast hverju ári.

Mynd 2 sýnir losun undir ESR og ETS á Íslandi árin 2005 og 2018. Aukning í losun frá árinu 2005 er fyrst og fremst vegna aukinnar vinnslugetu í þungaiðnaði, að mestu í álverum og fellur því undir ETS-kerfið. Samhliða hefur dregið úr losun í orkuframleiðslu og meðhöndlun úrgangs sem fellur undir ESR. Losun vegna orkunotkunar í vegasamgöngum og frá jarðvarmavirkjunum hefur aukist en losun frá fiskiskipum og öðrum uppsprettum hefur aftur á móti minnkað. Á tímabilinu frá 2005 til 2018 varð 20 prósentu aukning í heildarlosun; 113 prósentu aukning undir ETS-kerfinu en sex prósentu samdráttur undir ESR.


Mynd 1: Losun á Íslandi í kílótonnum CO₂-ígilda á tímabilinu 2005-2018, losun árið 2030 samkvæmt markmiði um samdrátt í losun fyrir árið 2030 (29%) og sjálfstætt markmið fyrir árið 2030 (40%) miðað við losun ársins 2005. Losun á beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda (ESR) og losun innan viðskiptakerfis með losunarheimildir (ETS) án LULUCF.

(Heimild: Umhverfisstofnun 2020a)




Mynd 2: Losun á Íslandi, ESR og ETS, árin 2005 og 2018 í kílótonnum CO₂-ígilda án LULUCF.

(Heimild: Umhverfisstofnun 2020a)



Mynd 3: Hlutfallsleg skipting losunar á Íslandi árið 2018.
(Heimild: Umhverfisstofnun 2020b)



Mynd 3 sýnir hvernig losun skiptist hlutfallslega milli ETS, ESR og LULUCF (landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt) á árinu 2018, ásamt því hvernig losun undir ESR skiptist eftir atvinnugreinum.

Heildarlosun á árinu 2018 voru 13.867 kílótonn CO₂-ígilda, sem skiptast milli LULUCF (9.010 kt), ETS (1.855 kt) og ESR (2.978 kt). Stór hlutdeild LULUCF í heildarlosun útskýrist af eyðingu lands og skóga og þurrkun votlendis en þó ber að nefna að tölur um losun vegna LULUCF eru áætlaðar og þeim ber að taka með miklum fyrirvara.

ÍSLENSKT HAGKERFI

Hagstofa Íslands birtir upplýsingar um losun eftir greinum hagkerfisins. Bókhaldið byggir á AEA staðli (Air Emission Account) og nær meðal annars yfir heildarlosun íslenskra fyrirtækja, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra, í samræmi við opinberar reglur um reikningsskil. Annars konar bókhaldsstaðall er notaður þegar lönd skila skýrslu um efndir Parísarsamningsins, NIR (National Inventory Report), en skýrslan nær yfir losun á landsvæði tiltekins ríkis; orku, iðnaðarferla, landbúnað og úrgang, ásamt landnotkun, breytti landnotkun og skógrækt (LULUCF). NIR nær til dæmis yfir fiskiskip og ferjur en ekki yfir alþjóðlega sjóflutninga. Ef aðferðirnar tvær eru bornar saman kemur í ljós að losun samkvæmt AEA á Íslandi er meiri en losun samkvæmt NIR sem nemur næstum 2.000 kt CO₂-ígilda, að mestu vegna losunar frá flugi og flutningum á sjó. Hafa ber í huga að í umfjöllun um losun frá íslenska hagkerfinu út frá töflu 2 er notast við AEA losunarstaðalinn en ekki NIR staðalinn sem er grundvöllur útreikninga á skuldbindingum Íslands. Það er gert til að betur sé hægt að greina losun frá mismunandi atvinnugreinum.

Losun, framleiðsluvirði og atvinna

Í töflu 2 eru upplýsingar úr AEA-bókhaldinu notaðar til að sýna hlutdeild greina í framleiðsluvirði, losun og heildarfjölda starfa á árinu 2017. Undir „Annað“ falla þær atvinnugreinar sem hver um sig losar minna en tvö prósent af heildarlosun.

Næstum 90 prósent allrar losunar á Íslandi verður í sex greinum hagkerfisins og meira en 80 prósent kemur frá aðeins þremur greinum: landbúnaði og fiskveiðum, málmframleiðslu og flutningum í lofti og á sjó. Þar að auki kemur um átta prósent losunar frá heimilum, næstum alfarið frá einkabílum. Losun frá vegasamgöngum er einnig meðtalin í losun frá ólíkum greinum.

Tafla 2: Hlutdeild greina hagkerfisins í losun gróðurhúsalofttegunda frá hagkerfi Íslands (AEA bókhald) og framleiðsluvirði, og hlutfall af heildarfjölda starfandi í hverri atvinnugrein árið 2017.

Atvinnugrein	Losun gróðurhúsalofttegunda	Framleiðsluvirði	Fjöldi starfandi
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	13%	4%	4%
C24 - Framleiðsla málma	24%	2%	1%
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur	2%	4%	1%
E - Vatnsveita, frábita, meðhöndlun úrgangs	3%	1%	1%
F - Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	3%	7%	7%
H - Flutningar og geymsla (flug að mestu)	44%	7%	7%
	88%	25%	20%
Aðrar atvinnugreinar (B, C10-23, C25-33, G, I-U)	4%	75%	80%
Heimili (þ.a. samgöngur 7,9%)	8%	-	-

(Heimild: Hagstofa Íslands UMH31, THJ08401, THJ11002)


Í þeim sex greinum sem sýndar eru í töflu 2 verður til 25 prósent af heildarframleiðsluvirði landsins og þar starfar 20 prósent fólks á vinnumarkaði. Ekki skal vanmeta tengsl milli atvinnugreina og að hversu miklu leyti ákveðnar greinar eru háðar tilvist annarra greina. Atvinnugreinar með mestu losunina mynda uppistöðuna í útflutningstekjum og eru gríðarlega mikilvægar fyrir efnahag landsins.

Útflutningur

Útflutningur nam 46 prósentum af vergrí landsframleiðslu Íslands á árinu 2017. Á mynd 4 er útflutningi skipt eftir greinum. Hlutur ferðaþjónustu hefur vaxið gríðarlega á síðastliðnum áratug og er hún stærsta uppspretta útflutningstekna í hagkerfi Íslands, jafnvel þótt hlutur hennar hafi minnkað árin 2018 og 2019, svo ekki sé minnst á tímabundið hrun ferðaþjónustunnar á tímum kórónuveirufaraldursins. Útflutningsgreinar á Íslandi eru mjög kolefnisfrekar; fiskiskip eru notuð við framleiðslu sjávarafurða, kol eru brennd við málmframleiðslu og ferðaþjónusta reiðir sig á flugsamgöngur, bílaleigubíla og hópferðabíla. Stærsti hluti losunar frá útflutningi fellur utan við ESR og enn hafa engin alþjóðleg losunarmarkmið verið sett um flutning í lofti og á sjó, sem þó er ábyrgur fyrir stórum hluta losunar í íslenska hagkerfinu.

Mynd 4: Útflutningur á vörum og þjónustu frá Íslandi á árinu 2017, hlutfallsleg skipting.

(Heimild: Hagstofa Íslands UTA05003)



Áhrif loftslagsbreytinga á framleiðsluvirði og atvinnu í ólíkum greinum hagkerfisins

Næstum öll raforkuvinnsla á Íslandi er úr endurnýjanlegum orkugjöfum, eða 73 prósent úr vatnsaflí, 27 prósent úr jarðhita, 0,01 úr jarðefnaeldsneyti og 0,04 úr vindafli (Raforkuhópur Orkuspárnefndar, 2020). Flestar vatnsaflsvirkjananna eru í eigu Landsvirkjunar, stærsta orkufyrirtækisins á Íslandi. Meira en 85 prósent af rafmagni sem Landsvirkjun vinnur er selt til orkufrekra notenda (Landsvirkjun, 2020).

Þökk sé aðgangi að gnótt endurnýjanlegrar orku er íslenskt hagkerfi varið gegn beinum áhrifum af umskiptunum í kolefnishlutlaust hagkerfi. Umskiptin á Íslandi munu ekki kalla á lokun kolanáma eða kolabrennsluvera og umfangsmikilla breytinga á raforkuverum. Hins vegar er hætt við að íslenskt hagkerfi og vinnumarkaður verði fyrir miklum áhrifum af völdum loftslagsbreytinga og stefnumótandi aðgerða í loftslagsmálum, ásamt sjálfvirknivæðingu sumra starfa. Þörf er á langtímaáætlun um nýja færni og menntun fyrir þann hluta vinnandi fólks sem þarf að fara í önnur störf eða tileinka sér nýja færni.

Innviðir

Hlýnun jarðar veldur nú m.a. hækkaðri sjávarstöðu, vatnavöxtum í ám, breyttum árfarvegum, skriðuföllum og auknum öfgum í veðurfari. Mikilla fjárfestinga er þörf í aðlögun innviða í orku-, vega-, vatns- og fráveitukerfum, sjóvarnargörðum sem og í vatnsaflsvirkjunum og höfnum. Þess háttar framkvæmdir munu auka eftirspurn eftir verkfræðingum, tæknifræðingum, öðru faglærðu starfsfólki og verkafólki.

Fiskveiðar og fiskeldi

Hlýnun og súrnun sjávar mun hafa margs konar áhrif á vistkerfið. Ísland býr yfir öflugri og sjálfbærri fiskveiðistefnu og niðurstöður rannsókna benda til þess að hlýnun muni til skamms tíma hafa jákvæð áhrif á fiskveiðar, þar sem atvinnugreinin býr yfir sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Á hinn bóginn tekur sjórinn við þriðjungi af öllum koltvísýringi sem losnar og af því leiðir hröð súrnun sjávar sem ógnar fiskimiðunum og þar með undirstöðu atvinnugrein landsins. Það sama á við um fiskeldi, sem er vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Í ljósi mikilvægis fiskveiða fyrir íslenskt hagkerfi er mjög brýnt að dregið sé úr losun. Bein áhrif á atvinnu til meðallangs tíma eru lítil en sjálfvirkni hefur aukist mikið í fiskveiðum og útflutningi sjávarafurða á síðustu 20 árum. Fjöldi þeirra sem starfa í fiskveiðum og fiskvinnslu hefur helmingast frá árinu 1997 (Halldór Björnsson o.fl., 2018).

Landbúnaður

Hlýrra loftslag mun leiða til betri uppskeru og skapa tækifæri á fjölbreyttari ræktun. Á hinn bóginn verða skordýr og þurrkar vaxandi vandamál. Ekki er talið að hlýnun muni hafa neikvæð áhrif á búfjárrækt á Íslandi (Halldór Björnsson o.fl., 2018). Almennt er talið að loftslagsbreytingar muni hafa jákvæð áhrif á framleiðslu í greininni en íslenskur landbúnaður er mjög háður stefnu stjórnvalda og nauðsynlegt er að laga stefnuna að breytingum í greininni til að draga úr losun. Þörf er á frekari rannsóknum á áhrifum loftslagsbreytinga á íslenskan landbúnað, sem og stefnu um framtíð greinarinnar og innlenda sem erlenda markaði. Minna en tvö prósent fólks á vinnumarkaði starfaði í landbúnaði árið 2019, samanborið við fimm prósent árið 1991.

Ferðaþjónusta

Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á ferðaþjónustu – á framboð og eftirspurn eftir þjónustu og affreyningu – benda til þess að fólk muni í auknum mæli sækja á staði sem stendur ógn af hlýnun jarðar, svo sem jökla. Talið er að áhrifin á ferðaþjónustu verði jákvæð til skemmri tíma

(Halldór Björnsson o.fl., 2018). Ef horft er til umfangs ferðapjónustu í íslensku hagkerfi er ljóst að það þarf að móta sjálfbæra stefnu um framtíð greinarinnar. Næstum tólf prósent fólks á vinnumarkaði starfaði í ferðapjónustu árið 2019 samanborið við sjö prósent árið 1991.

Framleiðsla málma

Framleiðsla málma (ál og kísilmálmur) er stór útflutningsgrein á Íslandi. Aðilar í greininni starfa nú með CarbFix – fyrirtæki sem sérhæfir sig í föngun og geymslu koltvísýrings – að tæknilausnum sem fanga koltvísýring í framleiðsluferlinu. Losun í atvinnugreininni fellur undir markaðkerfi ESB með losunarheimildir (ETS) og því er greininni hætt við kolefnisleka, takist fyrirtækjum ekki að finna tæknilegar lausnir til að draga úr losun sinni. Hlutfall starfsfólks í málmframleiðslu af heildarfjölda á vinnumarkaði var hærra árið 2019 en árið 1991 en er þó enn undir einu prósent. Óvissa er einnig uppi um framtíð atvinnugreinarinnar á Íslandi, vegna aukinnar samkeppni á alþjóðamarkaði.

Lífhagkerfið

Lífhagkerfið er ekki ein atvinnugrein heldur vísar það til þess hluta hagkerfisins sem byggir á endurnýjanlegum og lífrænum auðlindum úr vistkerfinu. Lífhagkerfið er nátengt hringrásarhagkerfinu, sem leitast við að hámarka nýtingu og nýtingartíma lífrænna auðlinda innan hagkerfisins. Innan lífhagkerfisins er framleidd orka, matvæli, fóður, lyf, snyrtivörur og margt fleira. Greinin er í vexti á Íslandi, virði hennar eykst hratt og jafnframt eru þar miklir mögulegar á störfum fyrir fólk með rétta menntun og góða færni. (Sigrún Elsa Smáradóttir o.fl., 2014) (Grunfelder o.fl., 2020).

Opinberi geirinn

Hlutfall þeirra á vinnumarkaði sem starfa í aðalstarfi í opinberri stjórnsýslu hefur lítið sem ekkert hækkað á síðastliðnum 30 árum og hefur hækkað um aðeins eitt prósentustig í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Á hinn bóginn hefur hlutfall þeirra á vinnumarkaði sem starfa í menntakerfinu að aðalstarfi farið úr 8 prósentum árið 1991 upp í 13 prósent árið 2019 (Hagstofa Íslands, 2020). Þessi breyting endurspeglar hækkað menntunarstig í landinu en einnig stórfelldar breytingar sem orðið hafa á umönnun barna, framboði á menntun á leikskólastigi og skipulögðu frístundastarfi fyrir börn. Opinberi geirinn gegnir veigamiklu hlutverki í umskiptunum í kolefnishlutlaust hagkerfi. Það er því mikilvægt að auka þekkingu um loftslagsbreytingar meðal stefnumótenda til að tryggja að opinber stefna styðji við umskiptin. Fræðsla um loftslagsbreytingar þarf að eiga sér stað á öllum skólastigum og jafnvel enn mikilvægara er að hún sé hluti af endurmenntun og símenntun. Einnig er mikilvægt að heilbrigðis- og félagsþjónusta styðji við heilbrigðan og vistvænan lífsstíl og leggi áherslu á geðheilbrigði.

Loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á flestar helstu atvinnugreinar á Íslandi en ekki er ljóst hverjar afleiðingarnar verða til meðallangs tíma. Hver langtímaáhrifin verða veltur á því til hvaða aðgerða verður gripið á heimsvísu næsta áratuginn og einnig á aðgerðum íslenskra stjórnvalda og atvinnulífs er kemur að rannsóknum, áætlanagerð, aðlögun, samdrætti í losun og mótun vaxtarstefnu fyrir sjálfbærar atvinnugreinar ásamt framboði af starfsfólki með rétta færni. Einnig þarf að breyta skattkerfinu í samræmi við tilurð nýrra atvinnugreina og breytt virðisstreymi vegna sjálfvirknivæðingar. Traust velferð og jafnt aðgengi að menntun eru ekki efnahagslegur baggi fyrir samfélagið heldur nauðsynleg til að stuðla að velsæld og jöfnuði, aukinni framleiðni, félagslegu réttlæti og almennri sátt um nauðsynlegar kerfisbreytingar.

ÍSLENSKT SAMFÉLAG

Umskiptin í kolefnishlutlaust hagkerfi, tækniþróun og sjálfvirknivæðing, ásamt annarri þróun á borð við hækkanði lífaldur, munu móta íslenskan vinnumarkað og áhrifanna er þegar farið að

gæta. Yfirferðin hér að framan yfir framtíðarhorfur í ólíkum atvinnugreinum sýnir að vaxandi þörf er fyrir faglært og að einhverju marki ófaglært starfsfólk í mörgum atvinnugreinum. Á hinn bóginn er talið að sjálfvirknivæðing haldi áfram og áætlað er að um þriðjungur allra starfa á Íslandi séu líkleg til að verða sjálfvirknivædd. Störf í framleiðslu, þjónustu, smásölu og ferðaþjónustu eru sérstaklega berskjölduð gagnvart slíkum breytingum. Þessi störf krefjast gjarnan lítillar formlegrar menntunar. Störf á landsbyggðinni eru í mestri hættu á sjálfvirknivæðingu, eða 44 prósent þeirra í samanburði við 22 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Karlmenn í störfum sem krefjast lítillar formlegrar menntunar eiga frekar á hættu en konur að missa störf sín og það sama á við um innflytjendur og ungt fólk í tímabundnum láglounastörfum sem krefjast lítillar formlegrar menntunar (Stjórnarráð Íslands. Forsætisráðuneytið, 2019).

Verkefnisstjórn sem forsætisráðherra skipaði hefur kynnt aðgerðaáætlun um fjórðu iðnbyltinguna og nokkrar aðgerðanna sem nefndin leggur til snúa að vinnumarkaðnum. Í tillögunum er lögð áhersla á að móta áætlanir um færni- og mannaflapörf, á tímabundna breytingu á atvinnuleysis-tryggingakerfinu til að mæta þörfum þeirra sem missa störf sín vegna sjálfvirknivæðingar, aukna vernd fyrir fólk sem starfar í harkhagkerfinu og undir óformlegum ráðningarsamböndum og að forgangsraða símenntun þeirra sem hafa litla formlega menntun (Stjórnarráð Íslands. Forsætisráðuneytið, 2020).

Á Íslandi er stéttarfélagsaðild með því hæsta sem gerist í heiminum, atvinnuþátttaka mikil og atvinnustig að jafnaði hátt. Ef fleiri störf tapast heldur en skapast, ef atvinnuöryggi minnkar og hlutfall láglounastarfa eykst á kostnað annarra starfa mun það hafa í för með sér aukinn tekju-ójöfnuð og grafa undan samfélagslegri einingu. Íslensk stjórnvöld þurfa að vinna markvisst að því að móta hagkerfi fyrir framtíðina. Í því felst að móta stefnu í atvinnumálum og tengja stefnuna við menntun, færni, vinnumarkaðinn og nýsköpun. Einnig þarf að móta fjárfestingarstefnu sem stuðlar að réttlátum umskiptum í lágkolefnishagkerfi. Núverandi nálgun, sem einkennist af afskiptaleysi eða að því er virðist tilviljanakenndra aðgerða, hefur leitt til þess að misræmi milli menntunar og hæfni hefur aukist eftir því sem ferðaþjónustan hefur vaxið og ný störf hafa orðið til í atvinnugreinum með lága framleiðni. Í stefnu um sjálfbært, grænt hagkerfi verður að leggja áherslu á að skapa góð störf.

COVID-19

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hefur haft gríðarleg áhrif á íslenskt atvinnulíf. Sumar atvinnugreinar, sérstaklega þær sem tengjast ferðaþjónustu, verða mörg ár að rétta úr kútnum. Skipaður var starfshópur á vegum félagsmálaráðherra með það hlutverk að greina í hvaða atvinnugreinum atvinnuleysi er mest, hvar vantar fleira starfsfólk og hvernig færni atvinnuleitenda samræmist þörfum vinnumarkaðarins í dag og til framtíðar. Fólk sem hefur verið án atvinnu í sex mánuði og skráir sig í nám getur haldið atvinnuleysisbótum fyrstu önnina í námi. Skráningum hefur fjölgað í nám fyrir kennara, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, auk annarra starfsstétta sem eiga það sameiginlegt að skorta nú þegar fagmenntað starfsfólk. Þessum jákvæðu breytingum á námsvali þarf að fylgja eftir til að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skort á starfsfólki í þessum greinum. Einnig hefur spurn innflytjenda eftir íslenskunámi aukist mikið.

Stjórnvöld vinna einnig að fjárfestingaráætlun um efnahagsbata í kjölfar heimsfaraldursins og verkalýðshreyfingin hefur kallað eftir því að áætlunin styðji við umskipti í lágkolefnishagkerfi og góð störf.

STJÓRNTÆKI HINS OPINBERA

Í júní 2020 kynntu stjórnvöld uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Áætlunin samanstendur af 48 aðgerðum til að ná fram markmiði Íslands um 40 prósentu samdrátt í losun til ársins 2030 miðað við árið 2005 og kolefnishlutleysi árið 2040. Í áætluninni er kolefnishlutleysi lýst sem jafnvægi milli losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda. Líkt og í fyrri útgáfu aðgerðaáætlunarinnar er megináhersla lögð á að hverfa frá notkun jarðefnaeldsneytis í vegasamgöngum og á aukna kolefnisbindingu með endurheimt skóga og votlendis, landgræðslu og skógrækt (Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, 2020). Markmið um aukna kolefnisbindingu fellur utan við skuldbindingar Íslands en er þó mikilvægt til að Ísland geti náð markmiði sínu um kolefnishlutleysi árið 2040.

Þrátt fyrir metnaðarfull markmið hefur Loftslagsráð bent á að áætlaður samdráttur í losun vegna aðgerðanna sem tilgreindar eru í áætluninni sé aðeins um 28 prósent. Ráðið kallar eftir auknum metnaði í aðgerðum til að draga úr losun (Loftslagsráð, 2020).

Hér verða reifaðar helstu mildunar-, skatta- og ívilnunaradgerðir í hverjum flokki fyrir sig, í eftirfarandi röð: ESR, ETS og LULUCF.

STEFNA UM AÐGERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR LOSUN Á BEINA ÁBYRGÐ ÍSLANDS (ESR)

Eins og sést á mynd 3 á blaðsíðu 10 skiptist losun undir ESR með eftirfarandi hætti eftir upptökum: vegasamgöngur (32 prósent), landbúnaður (22 prósent), fiskveiðar (18 prósent), meðhöndlun úrgangs (9 prósent), F-gös (6 prósent) og önnur upptök (12 prósent).

Við stefnumótun hefur megináhersla verið á vegasamgöngur og er það rökrétt þegar lítið er til hlutdeildar þeirra í heildarlosun á beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Samsetning bílaflotans breytist nú ört og breytinguna má rekja til mikillar áherslu á rafbílavæðingu en einnig er fyrirhugað bann við nýskráningu bíla sem eingöngu ganga fyrir jarðefnaeldsneyti frá árinu 2030 og fjárfesting í nýju almenningssamgangnakerfi ásamt hjóla- og göngustígum.

Í stefnu um afkolun vegasamgangna hefur áhersla verið lögð á kolefnisgjald, skattlagningu á jarðefnaeldsneyti og ívilnanir fyrir rafbíla og tengiltvinnbíla. Ekki hefur verið gerð könnun á áhrifum þessara aðgerða á ólíka tekjuhópa. Við vitum þó að þessi stefna gagnast frekar tekjuháum, þar sem vistvænir bílar hafa hingað til verið dýrir og ekki hefur verið til markaður með notaða bíla af þessu tagi. Þar að auki er flóknara að setja upp hleðslustöð í fjölbýli heldur en í einbýli. Lágtekjufólk fær því ekki skattaívilnanir þegar það kaupir bíla en greiðir aftur á móti hærra verð fyrir bensín. Á sama tíma hefur lítið verið gert til að efla þau almenningssamgangnakerfi sem þegar eru til og það var aðeins nýlega að ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu samning um fjárfestingu í samgönguinnviðum fyrir tímabilið 2019-2033, þar á meðal í nýju kerfi með sérakreinum fyrir almenningssamgöngur. Flestar leiðirnar eiga að verða tilbúnar á næstum 15 árum en einhverjar seinna en það.

Fjárfestingar í almenningssamgöngum eru því skemmra á veg komnar heldur en skattaávilnanir fyrir vistvæna bíla og lágtekjuheimili standa því verr að vígi en aðrir þegar kemur að samgöngum á viðráðanlegu verði. Af þessu leiðir að fé úr sameiginlegum sjóðum er notað til að niðurgreiða samgöngur fyrir heimili með hærrí tekjur sem og fyrirtæki. Nauðsynlegt er að hraða fjárfestingu í nýju almenningssamgangnakerfi, af tveimur ástæðum: Ísland þarf að draga enn frekar úr losun frá vegasamgöngum með því að fækka bílum með sprengihreyflum og ákvarðanir um opinber útgjöld mega ekki leiða til þess að staða lágtekjuhópa versni.

Losun frá landbúnaði og fiskveiðum er 40 prósent allrar losunar sem fellur undir ESR, þar af eru 22 prósent frá landbúnaði og 18 prósent frá fiskveiðum. Trúverðuga mæliaðferð fyrir losun í landbúnaði skortir en í sjávarútvegi hefur losun dregist saman um 26 prósent frá árinu 2005, mestmegnis vegna hagræðingar í greininni og skilvirkari orkunotkunar. Frekari samdráttur í losun frá fiskiskipum veltur á því að jarðefnaeldsneyti sé skipt út fyrir orkugjafa sem losa minna kolefni. Þar má meðal annars nefna innlenda orkuvinnslu úr lífmassa og úrgangi. Losun gróðurhúsalofttegunda úr landbúnaði er að mestu vegna búfjár og áburðar en stefna um samdrátt í greininni er óljós.

Nýr skattur var lagður á F-gös á árinu 2020 en þau eru nýtt í ýmiskonar kælibúnaði. Stjórnvöld lögðu einnig til nýjan urðunarskatt en sveitarfélögin kröfðust frekari undirbúnings og meira samráðs. Áform um skattlagningu úrgangs eru nú í uppnámi. Það er mikilvægt að draga úr losun vegna F-gasa og úrgangs en það verður að greina hvar kostnaður vegna aðgerða lendir á endanum. Séu lágtekjuhópar að bera þyngri byrðar en aðrir verður að grípa til mótvægisáðgerða.

Loftslagssjóði er ætlað að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um loftslagsbreytingar. Sjóðurinn hefur hvatt fyrirtæki og félagasamtök til að beina sjónum sínum að áhrifum loftslagsbreytinga.

STEFNA UM LOSUN UNDIR VIÐSKIPTAKERFI EVRÓPUSAMBANDSINS (ETS)

Stefna um ETS-kerfið er mótuð á vettvangi Evrópusamstarfs. Í kerfinu er kveðið á um 43 prósentu samdrátt til ársins 2030. Finnist ekki lausnir til að draga úr losun er talin hætta á kolefnisleka. Losun frá íslensku hagkerfi sem fellur undir ETS er að mestu frá málmframleiðslu. Losun hefur aukist um 113 prósent frá árinu 2005, sem má rekja til þess að starfandi álver voru stækkuð og nýtt álver var gangsett sem er jafnframt stærsta álver landsins. Atvinnugreinin er mikilvæg fyrir efnahag landsins en nauðsynlegt er að draga úr losun frá greininni á næstu árum. Fyrirtæki í greininni hafa undirritað viljayfirlýsingu ásamt stjórnvöldum og CarbFix – fyrirtæki sem sérhæfir sig í föngun og geymslu koltvísýrings – um þróun tæknilausna við að fanga kolefni í málmframleiðsluferlinu. Loftslagssjóður styrkir verkefnið.

CarbFix

CarbFix sérhæfir sig í föngun og geymslu koltvísýrings og heyrir undir Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið hófst sem samstarfsverkefni milli Orkuveitu Reykjavíkur, Háskóla Íslands og annarra háskóla og rannsóknastofnanna í Evrópu og Bandaríkjunum. CarbFix er leiðandi á heimsvísu í bindingu koltvísýrings í bergi. Nú getur fyrirtækið dælt 12 kílótonnum af koltvísýringi á ári í jarðlög en ársgetan gæti náð 10.000 kílótonnum eða meira fyrir árið 2030. Ef vel tekst til í þróun þessarar tækni gæti hún skipt miklu máli í baráttunni gegn loftslagshamförum.

STEFNA UM LOSUN VEGNA LANDNOTKUNAR, BREYTTAR LANDNOTKUNAR OG SKÓGRÆKTAR (LULUCF)

Landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt eru ábyrg fyrir meira en 65 prósentum losunar á Íslandi. Losunartölunnar sæta þó mikilli óvissu og því verður að taka þeim með fyrirvara. Stefna um kolefnisbindingu undir LULUCF snýr helst að endurræktun skóga og nýskógrækt, landgræðslu, aukinni vernd votlendis, endurheimt votlendis og samstarfi við sauðfjárnætur um mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga. Markmið og áðgerðir sem snúa að þessum stefnuatriðum eru vægast sagt óskýr. Sérstök áætlun verður unnin um leiðir til að ná markmiði um kolefnishlutleysi árið 2040. Ætla má að aukin binding kolefnis með breyttri landnotkun og skógrækt muni auka þörf fyrir vinnuafli í greininni.

Uppfærð áðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum var birt í júní 2020. Áætlunin veitir skýrt og heildstætt yfirlit yfir markmið og stefnu stjórnvalda fyrir næstu ár um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Áætlunin verður uppfærð rafrænt eftir því sem nýjum áðgerðum er bætt við og núverandi áðgerðum vindur áfram. Á hinn bóginn eru stefnur um landbúnað, fiskveiðar og landnotkun ekki nógu sterkar. Fjárfestingaráætlun vantar og fjármagn er of lítið miðað við mikilvægi málefnisins. Nýboðuð markmið um 55 prósent samdrátt í losun þarf að festa í sessi með raunhæfum áðgerðum og af miklu meiri festu en nú ríkir í málaflöknum. Helsti veikleiki áðgerðaráætlunarinnar, frá sjónarhorni verkalýðshreyfingarinnar, er sá að hana skortir áætlun og áðgerðir um réttlát umskipti.



STJÓRNTÆKI Á EVRÓPUVETTANGI

Ísland er aðili að EES-samningnum og tekur þátt í viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir. Umhverfislöggjöf landsins er því í samræmi við löggjöf ESB, þó að oft hafi verið seinkun á innleiðingu laganna. Segja má að Ísland hafi frá árinu 1994 tekið upp löggjöf frá ESB í öllu sem varðar umhverfismál.

Ísland er þátttakandi í samstarfi við Evrópusambandið og Noreg um markmið um samdrátt í losun innan ramma Parísarsamningsins. Heildarsamtök stéttarfélaganna á Íslandi eru einnig aðilar að ETUC og taka þátt í umræðum á þeim vettvangi um Grænan samfélagssáttmála fyrir Evrópu.



RÉTTLÁT UMSKIPTI

Réttlát umskipti er leiðin að öruggri framtíð fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Með réttlátum umskiptum búum við til traustan ramma og tryggjum sanngjarna skiptingu kostnaðar og ávinnings á leið okkar að kolefnishlutlausu hagkerfi. Eins og áður kom fram inniheldur aðgerðaáætlun um aðgerðir í loftslagsmálum engar aðgerðir um réttlát umskipti og vinnu þar að lútandi hefur verið frestað til haustsins 2021 en þá er áætlað að endurskoða áætlunina með tilliti til réttlátra umskipta. Í þeirri vinnu á, samkvæmt aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, að leggja áherslu á að greina áhrif aðgerða á ólíka tekjuhópa auk þess að greina kostnað og ávinning fyrir hagkerfið. Að mati samtaka launafólks þarf miklu meira að koma til.

Endurskoðun á núverandi aðgerðaáætlun er langt frá því að vera fullnægjandi, eigi Ísland að ná markmiði sínu um kolefnishlutleysi árið 2040 með réttlátum umskiptum. Kerfisbreytinga er þörf og breytingarnar þurfa að grundvallast á félags- og umhverfisvernd og taka tillit til stafrænnar þróunar, sjálfvirknivæðingar og mannfjöldaþróunar. Þær munu gjörbreyta framleiðsluferlum okkar, neyslu og atvinnu. Réttlát umskipti verða því að sameina loftslagsaðgerðir, sjálfbæra velmegun og mannsæmandi störf. Það þarf að fjárfesta í aðlögun og í atvinnugreinum og tæknilausnum með lítið kolefnisspor. Skatt- og tilfærslukerfin á að nota með markvissum hætti og hnitmiðuð vinnumarkaðsstefna er nauðsynleg. Stjórnvöld þurfa að vera skipulögð og fumlaus í aðgerðum og forðast að láta markaðinn ráða ferðinni því markaðurinn er blindur á félagslegar afleiðingar og hann dýpkar ójöfnuðinn sem þegar er til staðar.

Þörf er á stefnu um réttlát umskipti til að sporna gegn ójöfnuði í tekjum og dreifingu auðs, atvinnutækifærum, atvinnuöryggi og öðrum kjörum. Með öflugri stefnu um þessi málefni má efla samfélagslega einingu og auka stuðning almennings við nauðsynlegar breytingar.

Með réttlátum umskiptum, áherslu á samvinnu, þekkingu og afdráttarlausar aðgerðir, geta stjórnvöld tekist á við þessar áskoranir og óvissu þeim tengdum. Réttlát umskipti byggja á skoðana-skiptum og lýðræðislegu samráði milli launafólks, atvinnurekenda, stjórnvalda og samfélagsins í heild. Réttlát umskipti geta ekki orðið án náins samstarfs við stéttarfélögin.

Íslensku heildarsamtökin þrjú sem eiga aðild að NFS – ASÍ, BSRB og BHM – vinna nú þegar að því að móta loftslagsstefnu þar sem réttlát umskipti gegna lykilhlutverki. Samböndin leggja áherslu á miðlun reynslu og þekkingar milli stéttarfélaganna og hafa staðið fyrir opnum fundum og ráðstefnum þar sem sviðsljósinu er beint að loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á vinnumarkaðinn. Stéttarfélögin standa einnig fyrir námskeiðum fyrir félagsfólk sitt um loftslagsbreytingar og hvernig hægt er að draga úr þeim.

Aðgangur stéttarfélaganna að ákvörðunum er varða loftslagsstefnu Íslands er mjög takmarkaður. Það þarf að formgera hlutverk verkalyðshreyfingarinnar í mótun stefnu um réttlát umskipti. Árið 2019 setti ríkisstjórnin á fót að nýju Þjóðhagsráð, vettvang fyrir reglulegt, þríhliða samráð um efnahags-, félags- og vinnumarkaðsmál. Í ráðinu sitja formenn ríkisstjórnaflokka ásamt forystufólki Seðlabanka Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, heildarsamtaka launafólks og Samtaka atvinnulífsins. Í ljósi mikilvægis loftslagsmála og réttlátra umskipta gæti sambærilegur vettvangur verið tilvalinn fyrir þríhliða samstarf til að tryggja árangursríkar kerfisbreytingar, samfélagslega einingu og velmegun. ASÍ, BSRB og BHM leggja til að sérstökum þríhliða vinnuhópi verði komið á fót með það hlutverk að leggja grunninn að réttlátum umskiptum á Íslandi.

TILLÖGUR

Heildarsamtök launafólks á Norðurlöndum og í Þýskalandi, sem eiga aðild að Norræna verkalýðs-sambandinu (NFS) og Þýska alþýðusambandinu (DGB), styðja markmið ríkja sinna og ESB um að uppfylla skuldbindingar vegna Parísarsamningsins. Samningurinn krefst fordæmalausra kerfisbreytinga á sviði umhverfis-, samfélags- og efnahagsmála.

Réttlát umskipti eru forsenda þess að markmið Parísarsamningsins náist og munu tryggja að enginn verði skilinn eftir í umskiptaferlinu.

1. Réttlát umskipti: Innleiðing Parísarsamningsins

Viðmiðunarreglur Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um réttlát umskipti (ILO, 2015) og meginreglur Parísarsamningsins byggja á markmiðum ILO um mannsæmandi störf (ILO Decent Work Agenda). Umhverfislöggjöf ríkjanna og ESB þarf að aðlaga að þessum markmiðum.

Í því felst að við mótun loftslagsstefnu sé ávallt hugað að sköpun starfa, réttindum launafólks, félagsvernd og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Markmiðið endurspeglast einnig í slagorði tengdu grænum samfélagsáttmála ESB: „Skiljum engan eftir“ (e. Leaving no one behind).

Stjórnaráðgjafar og stefnumótendur þurfa að skoða loftslagsmál heildrænt og tryggja að launafólk sé í brennidepli við mótun loftslagsstefnu og kerfisbreytinga. Stefna um loftslagsaðgerðir og -aðlögun verður að taka mið af markmiðum ILO um mannsæmandi störf.

Þegar kemur að efnislegum loftslagsmálum má ekki einungis horfa til stefnu í orku- og loftslagsmálum. Stefna í efnahags-, mennta, vinnumarkaðs- og jafnréttismálum, sem og í einstökum atvinnugreinum, þarf að vera hluti af umgjörð fyrir komandi umskipti.

2. Stóraukin þátttaka stéttarfélaganna í kerfisbreytingum

Kerfisbreytingarnar munu hafa áhrif á launafólk. Því þurfa stéttarfélög að taka þátt í undirbúningi, eftirliti og uppfærslu á áætlunum og opinberri stefnu í orku- og loftslagsmálum. Það á einnig við um fjárhagsleg stjórnun sem styðja við kerfisbreytingar á sviði loftslagsmála og áhrif loftslagsstefnu á atvinnu og færnipörf.

Ríkisstjórnir landanna þurfa að stuðla að aukinni þátttöku samtaka launafólks og það sama á við um ESB, UNFCCC, ILO og annan samstarfsvettvang, svo sem Norrænu ráðherranefndina.

3. Umskiptin verði samvinnuð menntun, starfsþjálfun og bættu vinnuumhverfi

Menntun, starfsþjálfun og símenntun eru forsendur þess að umskiptin verði árangursrík. Sköpun nýrrar þekkingar, hæfni og færni – hvort sem er á vegum atvinnurekenda eða hins opinbera – eru lykilatriði í að undirbúa launafólk fyrir ný verkefni og störf og stuðla jafnframt að skapandi og sjálfbæru vinnuumhverfi. Það þarf að tengja stefnu í loftslagsmálum við atvinnu og endurmenntun, sem og skilgreind viðmið til að tryggja farsæl umskipti.

Umskiptin í græn störf, í nýjum atvinnugreinum jafnt sem eldri, eru lykilatriði. Það er



mikilvægt að græn störf¹ séu jafnframt mannsæmandi störf. Með mannsæmandi störfum er átt við störf sem stuðla að sjálfbærni, eru launuð með sanngjörnum hætti, veita launafólki félagslega vernd og frelsi til að tjá skoðanir sínar og bindast samtökum, og tryggja öllum jöfn tækifæri og sanngjarna meðferð.

Launafólk þekkir best hætturarnar í vinnuumhverfi sínu og upplifir þær á eigin skinni. Sú þekking safnast saman í stéttarfélögum. Það er mikilvægt að hugað sé að þeirri þekkingu við mótnun nýrra laga en einnig á hverjum vinnustað fyrir sig. Við vitum að umskiptin munu skapa milljónir nýrra starfa um alla Evrópu en við vitum líka að með nýjum störfum skapast nýjar hættur fyrir launafólk. Það er því mikilvægt að ný störf séu bæði góð og örugg. Huga þarf að vinnuvernd í allri nýrri löggjöf.

4. Félagsvernd sé beitt til að draga úr óöryggi sem fylgir kerfisbreytingum

Sterk félagsvernd er nauðsynleg til að vernda launafólk og fjölskyldur þeirra í umskiptum úr einu starfi í annað. Afkomu- og atvinnuöryggi greiða fyrir umskiptunum því kerfisbreytingum fylgir óöryggi sem getur leitt til þess að fólk hafni breytingum og nýsköpun. Mannsæmandi störf fyrir alla á að vera viðmiðið fyrir ríkisstjórnir landanna sem og í Evrópusamstarfi.

5. Fjárfestingar í framtíð fólks og hagkerfisins

Kolefnishlutleysi krefst umfangsmikilla fjárfestinga sem munu stuðla að verndun jarðarinnar, fólks og hagkerfisins. Útflutningstækifæri felast í ýmsum grænum tæknilausnum og þær munu örva hagvöxt og skapa græn og góð störf. Fjárfestingum einkaaðila eru takmörk sett og ríkið þarf því að stíga inn með afgerandi hætti og móta umskiptin með fjárfestingum í framtíð fólks og hagkerfisins. Ákvarðanir um fjárfestingar þarf að taka með tilliti til félagslegra áhrifa ekki síður en efnahagslegra.

¹ https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_emp/---emp_ent/documents/publication/wcms_158727.pdf

Það sama á við í Evrópusamstarfi. Fjárhagsleg stjórnþæki þurfa að taka mið af hagsmunum launafólks sem verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af umskiptunum. Beina á fjármunum í félagsvernd og stuðla að atvinnu, endurmenntun, starfsþjálfun og þátttöku launafólks í umskiptunum. Tryggja verður þátttöku stéttarfélaganna á öllum stigum ferlisins.

6. Hvatar til grænna fjárfestinga þurfa að byggja á jafnræði

Hvatar til tæknibreytinga þurfa að vera til langs tíma og leikreglur þurfa að vera skýrar svo að atvinnurekendur og fyrirtæki geti fjárfest í tæknilausnum og endurmenntun starfsfólks síns. Miklu skiptir að komið sé í veg fyrir svokallaðan kolefnisleka, þ.e. að fyrirtæku sjái sér ekki hag í að flytja starfsemi sína til landa þar sem ekki er greitt markaðsverð fyrir losun eða rekstrarumhverfi styður ekki við græna atvinnustarfsemi.

7. Þekking í þágu nýsköpunar og réttlátur umskipta

Rannsóknir gegna mikilvægu hlutverki í þróun ýmissa tæknilausna sem geta hjálpað okkur að mæta áskorunum framundan. Því þarf að efla rannsóknir og þróun á nýjum tæknilausnum sem hjálpa okkur að ná loftslagsmarkmiðum án þess að skaða samfélög okkar.

Raunverulegar breytingar eru knúðar áfram af launafólki. Þörf er á frekari rannsóknum sem skoða áhrif loftslagsstefnu á atvinnugreinar, landsvæði og vinnumarkað, og sérstaklega á launafólk. Einnig er þörf á rannsóknum á þeim óbeinum áhrifum sem umskiptin hafa á konur og karla. Slíkar rannsóknir munu auka þekkingu okkar og skilning á réttlátum umskiptum.

8. Betri árangur næst með samstarfi

Samstarf milli Norðurlandanna og Þýskalands um réttlát umskipti mun auðvelda ríkjunum að ná loftslagsmarkmiðum sínum. Löndin standa frammi fyrir mörgum svipuðum áskorunum er varða kolefnishlutleysi en einnig tækifærum þegar kemur að grænni nýsköpun og þróun nýrrar tækni í orkumálum. Löndin búa öll við hagstæð skilyrði fyrir umskiptin sem felast í samfélagsgerðinni, tækniþekkingu, metnaðarfullum markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda ásamt mikilli stéttarfélagasáðild, sterkum stéttarfélögum og hefð fyrir skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins. Við blasir að þessi lönd eiga að stefna að því að verða leiðandi í réttlátum umskiptum og þrýsta í sameiningu á um að ofangreindar tillögur verði innleidd í ríkjunum og jafnframt á Evrópu- og alþjóðavettvangi.



HEIMILDASKRÁ

- Eurostat (2018).** *Share of renewable energy in gross final energy consumption.* https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/t2020_31/default/table?lang=en
- Eurostat (2019a).** *Population on 1 January.* <https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/tps00001/default/table?lang=en>
- Eurostat (2019b).** *Real GDP per capita.* https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/sdg_08_10/default/table?lang=en
- Eurostat (2019c).** *Employment and activity by sex and age – annual data.* https://ec.europa.eu/eurostat/web/products-datasets/-/LFSI_EMP_A
- Grunfelder, J., Norlén, G., Randall, L., & Sánchez, N. (2020).** *State of the Nordic Region 2020.* Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin: <https://doi.org/10.6027/NO2020-001>
- Hagstofa Íslands (2020).** *Starfandi í aðalstarfi eftir atvinnugreinum (bálkar), kyni og búsetu 1991-2019.* (Tafla VIN01105). http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_vinumarkadur_vinumarkadsrannsokn_3_arstolur/VIN01105.px
- Haldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson (2018).** *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018.* Veðurstofa Íslands. <https://www.vedur.is/media/loftslag/Skyrsla-loftslagsbreytingar-2018-Vefur.pdf>
- ILO (2015).** *Guidelines for a just transition towards environmentally sustainable economies and societies for all.* International Labour Organization. https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_emp/---emp_ent/documents/publication/wcms_432859.pdf
- Landsvirkjun (2020).** *Ársskýrsla 2019. Renewable energy in a sustainable world.* Reykjavík: Landsvirkjun. <https://annualreport2019.landsvirkjun.com/company/customers#> (15. júní 2020).
- Loftslagsráð (2020).** *Rýni Loftslagsráðs á aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.* <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Loftslagsr%C3%A1c3%B0%20-%20R%C3%BDni%20c3%A1%20a%3B0ger%C3%B0a%3%A1c3%A6tlun%20c3%ad%20loftslagsm%C3%A1lum%202020.pdf>
- OECD (2016).** *Collective bargaining coverage.* <https://stats.oecd.org/Index.aspx?DataSetCode=CBC#>
- OECD (2018).** *Trade Union.* <https://stats.oecd.org/Index.aspx?DataSetCode=TUD#>
- Raforkuhópur Orkusparnefndar (2020).** *Raforkunotkun ársins 2019. Minnkun raforkunotkunar, bæði stórnokunar og almennrar notkunar.* (Greinargerð, 16. Apríl 2020). Landsnet, Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun, Rarik, Samorka, Veitur. https://orkustofnun.is/media/orkusparnefnd/Yfirles_Raforkuhop_FRETT-22_final-27.04-2.pdf
- Sigrún Elsa Smáradóttir o.fl. (2014).** *Future Opportunities for Bioeconomy in the West Nordic Countries.* (Skýrsla Matis 37-14). <https://www.matis.is/media/matis/utgafa/Bioeconomy-in-the-West-Nordic-countries-37-14.pdf>
- Stjornarráð Íslands. Forsætisráðuneytið (2020).** *Aðgerðaráætlun um fjórðu iðnbyltinguna. Tillögur verkefnisstjórnar.* Reykjavík: Forsætisráðuneyti. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/A%C3%B0ger%C3%B0aa%CC%81%C3%A6tlun%20um%20fjo%CC%81r%C3%B0u%20i%C3%B0nbyltinguna.pdf>
- Stjornarráð Íslands. Forsætisráðuneytið (2019).** *Ísland og fjórða iðnbyltingin.* Reykjavík: Forsætisráðuneyti. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Framtidarnefnd/Fjorda-idnbyltingin-skyrsla.pdf>
- Umhverfisstofnun (2020a).** *National Inventory Report. Emissions of greenhouse gases in Iceland from 1990 to 2018.* Reykjavík: Umhverfisstofnun. <https://ust.is/library/Skrar/loft/NIR/NIR%202020.pdf>
- Umhverfisstofnun (2020b).** *Údráttur úr losunarbókhalda Íslands 2020.* Reykjavík: Umhverfisstofnun, <https://ust.is/library/Skrar/loft/NIR/%C3%A4tr%C3%A1ttur%20NIR%202020.pdf>
- Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum (2020).** *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúslofttegunda til 2030.* Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>
- UNFCCC (2017).** *Greenhouse Gas Inventory Data - Detailed data by Party.* https://di.unfccc.int/detailed_data_by_party

AÐ VERKEFNINU STANDA

ASÍ - Alþýðusamband Íslands eru heildarsamtök 47 stéttarfélaganna með félagsmenn sem starfa á almennum vinnumarkaði og á hluta opinberra markaðarins. Um sextíu prósent launafólks á Íslandi eru í ASÍ. Hlutverk ASÍ er að berjast fyrir hagsmunum aðildarsambanda sinna, stéttarfélaganna og launafólks gegnum samræmda stefnu á sviðum atvinnu-, félags-, mennta-, umhverfis- og vinnu- markaðsmála. ASÍ kemur fram fyrir hönd aðildarfélaganna sinna gagnvart stjórnvöldum varðandi mál- efni á borð við vinnurétt, atvinnu- og félagsmálastefnu, starfsmenntun og -þjálfun og vinnuvernd.

BSRB eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi með 23 aðildarfélög og 22.000 félags- menn sem starfa að stærstum hluta í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, tollgæslu, slökkvi- liði, löggæslu, pósthjónustu og opinberri stjórnsýslu. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur. Aðildarfélögin áskilja sér rétt til að gera kjarasamninga fyrir félagsmenn sína og stundum semja þau hvert fyrir sig en oft þá á vegum BSRB. BSRB samhæfir stefnu, styður við aðildarfélögin með ýmsum hætti og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum vinnu- markaðarins.

BHM – Bandalag háskólamanna er bandalag 27 aðildarfélaganna með samtals um 15.000 félags- menn. Aðildarfélögin áskilja sér rétt til að gera kjarasamninga fyrir félagsmenn sína en BHM sam- hæfir stefnu, styður við aðildarfélögin með ýmsum hætti og kemur fram fyrir þeirra hönd gagn- vart stjórnvöldum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins.

FES - Stofnun Friedrichs-Eberts (Friedrich-Ebert-Stiftung) var stofnuð árið 1925 og er elsta pólitíska hugveita Þýskalands. Stofnunin starfar í samræmi við arfleifð stofnanda síns og heldur á lofti gildum jafnaðarstefnunnar: frelsi, réttlæti og samstöðu. Hugsjónin sem stofnunin byggir á er nátengd Sósíaldemókrataflokknum í Þýskalandi og hugmyndinni um óháð stéttarfélög.

FES berst fyrir jöfnuði fyrst og fremst í gegnum:

- pólitíska fræðslu til eflingar borgarlegu samfélags
- pólitíska ráðgjöf
- alþjóðlegt samstarf í fleiri en 100 ríkjum
- fjárhagsstuðning við efnilega námsmenn
- varðveislu á heimildum um jafnaðarstefnuna.

NFS - Norræna verkalýðssambandið eru heildarsamtök 15 landssambanda stéttarfélaganna á Norð- urlöndum með samtals 8,5 milljónir félagsmanna sem starfa í öllum greinum atvinnulífsins í Dan- mörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Grænlandi og Færeyjum. NFS var stofnað árið 1972 og helsta markmið sambandsins er að samhæfa og efla samstarf milli stéttarfélaganna á Norðurlöndum, sérstaklega er varðar vinnumál, efnahags- og félagsmálastefnu og á vettvangi ETUC, ITUC, TUAC, ILO og PERC. NFS kemur fram fyrir hönd aðildarsambanda sinna gagnvart Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni og starfar náið með Sambandi verkalýðsfélaga í Eystrasaltslöndunum (BASTUN).

Verkefnisstjórn: Meike Busher, José Pérez Johansson

Ábyrgðarmenn útgáfunnar innan FES og NFS eru þeir Philipp Fink (FES) og Magnus Gissler (NFS).

ÚTDRÁTTUR ÚR LANDSSKÝRSLU

Réttlát umskipti í átt að kolefnishlutlausri framtíð er brýnasta umhverfis-, samfélags- og efnahagsmál samtímans. Í skýrslunni er greint frá loftslagsmarkmiðum Íslands, losun í hagkerfinu og þeim áhrifum sem aðgerðir til að draga úr losun hafa á ólíka samfélagshópa. Einnig eru reifuð stjórn-
tæki yfirvalda og skortur á stefnu stjórnvalda um réttlát umskipti. Náíð samstarf milli aðila vinnu-
markaðarins er nauðsynlegt við mótun slíkrar stefnu. Því leggja ASÍ, BSRB og BHM til að sérstakur
vinnuhópur sé skipaður innan Þjóðhagsráðs um mótun stefnu um réttlát umskipti.



